

Mánudaginn 16. janúar 2017 kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:10

**Mætt voru:** Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þorsteinn Jóhannsson, Ingibjörg Jónsdóttir, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, Kristín Jóna Sigurðardóttir, fulltrúi kennara, Ingvar Björnsson fulltrúi foreldra og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Þórunn Ragnardóttir, fulltrúi starfsmanna, boðaði forföll.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn.

### 2. Starfsmannamál:

- a. Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri, greindi frá því að Grími Guðmundssyni hefði verið sagt upp störfum frá og með 1. janúar síðast liðnum. Grímur óskaði eftir því að láta af störfum þann 1. janúar og var orðið við þeim óskum.
- b. Auglýst verður eftir starfsmanni Eignasjóðs nú á næstu vikum, mun starfsmaður Eignasjóðs sinna að hluta húsvörslu í skólunum. Ekki verður um eiginlegan húsvörð að ræða.
- c. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá því að Grímur hefði jafnframt sagt upp þeirri stundarkennslu sem hann hafði. Sem sagt smíðakennslu og tilsjón með skák kennslu.
- d. Jafnframt greindi Sigríður frá því að Lára Björg Jóhannsdóttir, hefði tekið að sér stundakennslu í smíðum og Þorleifur Ingvarsson, tilsjón með skák kennslu.
- e. Ennfremur greindi Sigríður frá því að breytingar hefðu verið gerðar á starfshlutfalli skólaliða.
  - i. Sigurvaldi Sigurjónsson, færður niður í 80% sem skólaliði og 20% sem húsvörður og Svana Ingólfsdóttir færð úr 40% í 60% sem skólaliði.

SBA LF BJ EB  
BJ TR KRJ KNS

### 3. Starf Húnavallaskóla:


- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri greindi frá að bingó yrði haldið þann 3. mars næstkomandi og að íþróttakeppni grunnskólanna í Austur-Húnavatnssýslu yrði haldin þann 27. apríl næstkomandi í Húnavallaskóla. Framsagnarkeppni 7. bekkjar verður haldin þann 7. mars næstkomandi og fer keppnin fram á Skagaströnd.
- b. Jafnframt greindi Sigríður frá því að í listaviku Húnavallaskóla yrði farið í samstarf við Textílsetur Íslands og Þekkingarsetrið á Blönduósi, um námskeiðahald í listaviku Húnavallaskóla. Húnavallaskóli verður tilraunaskóli í verkefni frá Textílsetri Íslands og Þekkingarsetri í textílmennt.
- c. Ennfremur greindi Sigríður frá öðrum þáttum skólastarfs svo sem framkvæmd samræmdra prófa, iðnaðaráfanga 9. bekkjar sem haldinn verður í næstu viku og fleira.
  - i. All nokkrar umræður urðu um skólastarfið og framtíðar rekstur skólans.

### 4. Önnur mál:

Ingvar Björnsson, vildi minna á samþykkt Fræðslunefndar frá fundi hennar 29. ágúst 2016.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 17:20

  
Brynjólfur Friðriksson

  
Þorsteinn Jóhannsson

  
Kristín Rós Sigurðardóttir


  
Kristín Jóna Sigurðardóttir

  
Einar Kristján Jónsson

  
Erla Gunnarsdóttir

  
Ingibjörg Jónsdóttir

  
Sigríður Aadnegard

  
Ingvar Björnsson